

Nd.

229. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Það er viðurkennt, að Neskaupstað sé nauðsynlegt að eignast þann hluta jarðarinnar Ness, sem enn er í eign einstakra manna. En kaupstaðurinn á þegar mikinn hluta jarðarinnar. Einn þeirra, sem eiga hluta í jörðinni og setu á á Alþingi, hefur með atkvæði sínu á undanförunum þingum stutt að því, að kaupstaðurinn eignaðist jörðina, og þar með viðurkennt þá stefnu, að jörðin verði almennings eign. Það er upplýst, að samningaumleitanir hafa farið fram milli jarðeigenda og bæjarstjórnar Neskaupstaðar án árangurs. Engar líkur virðast henda til þess, að frekari samningaumleitanir beri árangur, og er þá ekki um aðra leið að ræða en eignarnám, ef bærinn á að eignast jörðina að öllu.

Frumvarp þetta er nú flutt í annað sinn á Alþingi, og verður að teljast ástæðulaust að stöðva málið enn á ný, sérstaklega þegar þess er gætt, að það er til tjóns fyrir Neskaupstað að fá ekki eignarnámsheimild á landinu, þar sem meðeigendur kaupstaðarins hafa umráð verulegs hluta jarðarinnar í sínum höndum og samvinna þeirra við bæjarstjórn er með öðrum hætti en æskilegt væri. Við leggjum því til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 21. okt. 1943.

P. Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
frsm.